

Reykjavík, 13. desember 2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umsögn ÍSAM vegna frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.). 468. mál.

Til nefndarmanna efnahags- og viðskiptanefndar

### **Athugasemdir við fjárlagafrumvarpið 2013**

ÍSAM er í samstarfi við marga framleiðendur þekktustu vörumerkja heims. Innflutningur á tóbaki og áfengi er hluti af fjölþættri starfsemi okkar. Við vonumst til þess að það nefndar-  
fyrirkomulag sem við líði er tryggja okkur þá áheyrn sem við nauðsynlega þurfum til að  
þrífast með eðlilegum hætti í íslensku samfélagi. Með þá von að leiðarljósi gefum við  
umsögn okkar og álit á þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins 2013 er snúa að auknum álögum  
á tóbak og áfengi.

### **Aukinn skattur á tóbak**

Ríkisstjórnin áætla að auka skattheimtu á tóbak um 15 prósent umfram verðlag. Ef tekið er  
mið af verðbólguþróun í landinu, sem er um 5 prósent, má ætla að skattaaukningin verði um  
það bil 20 prósent.

Eftir fyrstu 10 mánuði ársins hefur sala á tóbaki minnkað um 3,4%. Um síðustu áramót var  
tóbaksgjaldið hækkað um 5,1%. Líklegt má telja að hækkunin á tóbakinu hafi leitt til minni  
sölu. Það gæti gefið vísibendingu um að 20% hækkun á tóbaki 1. janúar 2013 gæti leitt til  
umtalsverðs samdráttar í sölu á tóbaki og þar með á tekjum ríkisins af henni. Minni sala á  
tóbaki gæti einnig verið merki um aukinn svartamarkað með tóbak, en tóbak er einmitt einn  
helsti tekjustofn skipulagðra glæpasamtaka á Norðurlöndunum. Líklegt má telja að svipuð  
þróun geti átt sér stað vegna sífelldra hækkana á áfengi og þá er óátalinn sá vítahringur  
vísitöluhækkana og skattahækkana sem útlit er fyrir að stefnt sé að.

Þótt við skiljum markmið ríkisstjórnarinnar að vilja draga úr reykingum meðal þjóðarinnar  
teljum við fyrirhugaða skattahækkun vera alltof róttæka en hún mun hafa neikvæð áhrif á  
bæði viðskipti og atvinnulíf án þess að ná settum heilsuverndarmarkmiðum. Við óttumst að  
svo róttækar aðgerðir auki ólögleg viðskipti með tóbak sem muni gera Ísland aðlaðandi fyrir  
smyglara sem starfa í Evrópu.

Fjölmiðlar hafa flutt fréttir af innflutningi og sölu ólöglegs tóbaks á Íslandi. Fréttablaðið og  
netmiðillinn Visir.is hafa sagt frá því nýlega að tollgæslan hafi gert 150 þúsund sígarettur  
upptækar árið 2010<sup>1</sup>. Þar kemur fram að áætlað sé að magnið samsvari um 10 prósent  
þess magns sem smyglað er til landsins. Miðað við það má áætla að um 1,5 milljón síga-  
rettur hafi verið fluttar ólöglega inn í landið árið 2010 og síðan þá hefur skattur á tóbak  
hækkað enn frekar. Fjölmiðlar greindu einnig nýlega frá því að skipulögð alþjóðleg gengi séu  
að reyna að ná fótfestu hér á landi. Slík samtök eru þekkt fyrir aðild sína að ólöglegri starf-

<sup>1</sup> <http://www.visir.is/logdu-hald-a-2600-litra-af-afengi/article/2011111029871>

semi m.a. tóbakssmygli sem er mikilvæg tekjulind fyrir slík samtök. Þá kemur æ oftar fram í fréttum að menn séu gripnir við brugg og landasölu<sup>2</sup> sem ætla má að sé bein afleiðing þess að sala á sterku áfengi hefur minnkað hjá ÁTVR. Hér ber að hafa í huga að frá desember 2008 hefur ríkisstjórnin nú þegar aukið skattheimtu á áfengi um 35 prósent. Áhrifin hafa þegar komið fram með vísbendingum um aukið smygl og þeirri staðreynd sem vísitöluhækkunarir eru.

Ólöglegt tóbak er stórt vandamál í Evrópu. Skýrsla frá KPMG<sup>3</sup> sýnir að ólöglegt tóbak sé um 10,3 prósent af heildarneyslu ársins 2011 sem eru um það bil 65,3 milljarðar sígarettna. Þótt Ísland hafi ekki staðið frammi fyrir sömu vandamálum með ólöglega verslun og mörg Evrópulönd geta háir skattar leitt til þess að smyglarar horfi hýru auga til Íslands. Svíþjóð er dæmi um slíka þróun. Mikil skattahækkun árin 1997 og 1998<sup>4</sup> leiddi til stóraukinna viðskipta með ólöglegt tóbak.

Til að takast á við vandamálið neyddist ríkisstjórnin til að lækka skattlagninguna. Hins vegar, þegar ólöglegar vörur eru komnar á markaðinn er erfitt að ná þeim út af honum. Jafnvel þótt sænsk yfirvöld hafi lækkað skatta til að minnka eftirspurn eftir ódýrum sígarettum er enn í dag verið að berjast við það að sjöunda hver seld sígarett er ólögleg í Svíþjóð. Sænska ríkisstjórnin verður af nærri 2 milljörðum sænskra króna í tekjur vegna ólöglegs tóbaks á árinu 2012<sup>5</sup>, stjórn á málaflöknum versnar og árangurinn í lýðheilsumálum lætur á sér standa.

Það er rangt að halda að staðsetning Íslands muni verja okkur gegn smygli enda hefur það hingað til ekki verið raunin. Bæði Írland og Bretland berjast gegn sölu á ólöglegu tóbaki. Írski fjármálaráðherra lýsti því yfir árið 2009 að háir skattar á sígarettur, og þar af leiðandi hátt smásöluverð, gegndu mikilvægu hlutverki í að örva vöxt ólöglegra viðskipta. Í desember 2009 sagði Brian Lenihan fjármálaráðherra:

*„Ég hef ákveðið að gera engar breytingar á vörugjöldum á tóbaki í þessari fjárhagsáætlun vegna þess að ég tel að hátt verð núna gefi tilefni til mikils og aukins smygls á sígarettum. Ábyrgð mín sem ráðherra fjármála er að vernda skattstofninn.“<sup>6</sup>*

Að auki eru ólöglegar sígarettur aðgengilegri fyrir börn og unglinga þar sem þessar vörur eru seldar ódýrt og án eftirlits. Róttækar verðhækkunarir sem orsakast af skattastefnu stjórnvalda gætu því haft öfug áhrif sem þýðir að ekki einungis yrði ódýrt og ólöglegt tóbak í boði fyrir börn og unglinga heldur yrði það einnig aðgengilegra. Lýðheilsusjónarmiðum yrði stefnt í voða með slíkri stefnu.

Við erum ekki á móti skattlagningu á tóbaki, en við teljum að hækkunarir á sköttum verði að taka mið af mörgum ólíkum sjónarmiðum og vera varfærnar og hóflegar og forðast eigi þá óhóflega hækkun sem nú er verið að leggja til. Með því myndi rekstrarumhverfi okkar og íslenskra smásala verða tryggara og stöðugra sem jafnframt myndi tryggja jafnan vöxt í tekjum ríkisins og fækka reykingafólki með tímanum. Við erum einnig sannfærð um að hófleg skattlagning myndi draga úr hættu á smygli tóbaks og því styðja ríkisstjórnina í að ná þeim markmiðum sem sett voru fyrir skattlagningu tóbaks.

<sup>2</sup> <http://www.visir.is/tveir-teknir-thegar-bruggverksmidja-var-stodvud-a-selfossi/article/2012121219764>

<sup>3</sup> [http://www.pmi.com/eng/tobacco\\_regulation/illicit\\_trade/documents/project%20star%202011%20results.pdf](http://www.pmi.com/eng/tobacco_regulation/illicit_trade/documents/project%20star%202011%20results.pdf)

<sup>4</sup> <http://www.regeringen.se/sb/d/547/a/3690> -

[http://www.riksdagen.se/sv/Dokument-Lagar/Forslag/Propositioner-och-skrivelser/Budgetpropositionen-for-1998\\_GL031/?text=true](http://www.riksdagen.se/sv/Dokument-Lagar/Forslag/Propositioner-och-skrivelser/Budgetpropositionen-for-1998_GL031/?text=true)


<sup>5</sup> <http://www.hui.se/nyheter/tobaksrapport-2012>

<sup>6</sup> Minister for Finance – Budget 2010 Speech


Að lokum viljum við lýsa yfir áhyggjum okkar varðandi þau áhrif sem fyrirhugaðar skattahækkanir á tóbak og áfengi munu hafa á fjölskyldur og efnahagslíf landsins. Harkalegar hækkunir skatta munu leiða til kaupmáttarrýrnunar sem jafnframt mun skaða smásöluaðila sem nú þegar eiga í erfiðleikum með reksturinn. Það þarf einnig að huga að því að tóbak og áfengi eru hluti af vísitölu neysluverðs sem hefur mikil áhrif á vexti og verðtryggingu lán og munu auka byrðarnar fyrir mörg íslensk heimili verulega.

Í stað þess að taka áhættuna á neikvæðum áhrifum af harkalegum skattahækkunum ætti ríkisstjórnin að stefna að hóflegri skattlagningu sem tæki tillit til vísitölu neysluverðs og efnahagslífsins í heild sinni.

Fyrir hönd ÍSAM

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Egill Ágústsson', is written over a horizontal line.

Egill Ágústsson

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Árni Ingvarsson', is written over a horizontal line.

Árni Ingvarsson